

Sendandi: Ólafur William Hand, 31. maí 2017

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum 426. mál.

Ísland hefur staðfest Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og þar segir meðal annars:

4. grein Ábyrgð aðildarríkja

Aðildarríki eiga að tryggja börnum þau réttindi sem Barnasáttmálinn kveður á um eftir því sem þau framast geta, m.a. með lögum og reglum. Ríkin skulu hjálpast að þannig að öllum börnum verði tryggð þessi réttindi.

9. grein Aðskilnaður frá foreldrum

Aðildarríki skulu tryggja að börn verði ekki skilin frá foreldrum sínum nema ef velferð barnanna verður ekki tryggð með öðru móti. Barn sem ekki elst upp hjá báðum foreldrum á rétt á að umgangast þá báða reglulega nema það sé andstætt hagsmunum þess.

Það er skýrt að samkvæmt 4. grein sáttmálans að Ísland hefur gengist undir það að tryggja börnum allan þann rétt sem kveðið er á um í sáttmálanum. Að túlka sáttmálann eftir hentugleika eða horfa framhjá alvarlegum göllum í lagaumhverfi okkar sem brjóta á sáttmálanum, verður að teljast alvarlegt brot á mannréttindum barna. Með frumvarpi til breytinga á barnalögum er verið að tryggja að skuldbindingar Íslands séu virtar.

Í 9. grein er skýrt tekið fram að aðildarríki skulu tryggja að börn verði ekki skilin frá foreldrum sínum. Þar er talað um foreldra í fleirtölu og því ljóst að um báða foreldra er að ræða. Sáttmálinn gerir ráð fyrir að allir foreldrar búi ekki saman og því tekur hann á þeim aðstæðum, jafnframt með því að taka skýrt fram að börn eigi rétt á því að umgangast báða foreldra reglulega nema að það sé andstætt hagsmunum þess. Frumvarpið er til þess fallið að tryggja það að þessi grein Barnasáttmálans sé virt.

Í almennri umræðu og þingræðum hefur borið á því að talið sé að refsing vegna tálmunar sé andstæð hagsmunum barna. Ekki hafa verið lagðar fram neinar rannsóknir þessum fullyrðingum til stuðnings. Á hinn bóginn hefur mikil fagleg umræða átt sér stað um skaðsemi þess þegar barn fær ekki að hitta annað foreldri sitt fyrir tilstuðlan hins. Þar bendi ég á upptökur frá ráðstefnu sem haldin var í Háskólabíó þann 25. apríl sl.

<https://www.facebook.com/foreldrautskufun/videos/297307727372746/>

Tilgangur frumvarpsins er að skilgreina tálmun sem ofbeldi gegn börnum og þannig uppfylla þær skyldur sem Ísland hefur gengist undir með staðfestingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Með því að skilgreina tálmun sem ofbeldi verður hún refsiverð eins og allt annað ofbeldi gegn börnum.

Á hinn bóginn mun frumvarpið ekki stuðla að því að mæður og feður verði fangelsuð án þess að mál sem upp koma séu rannsökuð eins og öll önnur meint ofbeldismál. Lög þar sem þyngsta refsing við brotum á þeim er fangelsisvist, hafa ekki verið sett með þeim tilgangi að fangelsa sem flesta heldur er einungis verið að gefa yfirvöldum möguleika að grípa til þess neyðarúrræðis, bregðist allt annað. Fælingarmáttur refsinga er óumdeildur og með honum er verið að setja skýr mörk um hvað samfélög sætta sig við og hvað ekki.

Umræða um að tálmun sé beitt til þess að gæta hagsmuna barna í þeim tilfellum þar sem annað foreldrið telur barninu stafa ógn af hinu foreldrinu er á villigötum. Telji foreldri að

barni sínu stafi hætta af umgengni við hitt foreldrið á það foreldri að leita til lögreglu eða réttbærra yfirvalda eftir aðstoð. Foreldri á ekki að geta eða þurfa að taka ákvörðun um að hitt foreldrið fái ekki að umgangast barnið án þess að sú ákvörðun sé byggð á rannsókn yfirvalda og með samþykki þeirra. Hornsteinn réttarríkja og mannréttinda er að einstaklingar taki ekki lög in í eigin hendur.

Með því að skilgreina tálmun sem ofbeldi verður farvegur tálmunarmála allt annar. Málin fara til Barnaverndar þar sem unnið er með þau eins og önnur ofbeldismál af sérfræðingum sem til þess hafa þekkingu. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir því að frá því að tálmun hefst, það er að segja ef frumvarpið verður að lögum, þá er langur vegur þar til refsingu á borð við fangelsisvist sé beitt. Málið þarf að rannsaka og foreldrar og börn fá þá hjálp sem þarf til að koma megi á umgengni án þess að grípa þurfi til neyðarúrræðis á borð við fangelsisvistun.

Ég óska eftir áheyrn nefndarinnar til að fylgja umsögn minni eftir.

Virðingarfyllst,

Ólafur William Hand, farðir